

Mál nr. 106/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 6. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. apríl 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B í íbúðargötu í Kópavogi. Í tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi kemur fram að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Í skýrslunni kveðst ökumaður A hafa verið að aka aftur á bak út úr bílastæði og stöðvað til þess að seta bifreið sína í „drive“ en í kjölfarið fengið högg á bifreiðina. Ökumaður B segir í skýrslunni að báðum bifreiðunum hafi verið aftur á bak er árekstur varð. Hann hafi þó ekki séð bifreiðina A fyrir en rétt fyrir áreksturinn.

M var ökumaður bifreiðar A í greint sinn og telur alla sök á árekstrinum eigi að leggja á bifreið B þar sem ekki hafi verið rétt að báðar bifreiðar hafi ekið aftur á bak er árekstur varð. Kveðst M hafa ekið aftur á bak úr stæði á meðan verið var að losa sorp úr bifreiðinni B. M kveður bifreið sína hafa verið kyrrstæða og jafnvel komna af stað áfram þegar högg kom á bifreiðina. Það sé því ekki rétt að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak er árekstur varð.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, kemur fram að félagið geri ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Það er einnig ljóst af gögnum málsins að ökumaður bifreiðar A ók út úr stöðureit við íbúðarhús rétt áður en áreksturinn varð og bar að gæta við það fyllstu varúðar skv. fyrirmælum 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þegar gögn málsins eru metin í heild verður ekki lagt til grundvallar að M sem var ökumaður A hafi stöðvað bifreið sína það löngu fyrir árekstur að hún hafi verið búin að gæta nægrar varúðar við aksturinn. Miðað við gögn málsins er því ekki sýnt fram á annað en að hvorugur ökumanna hafi gætt að varúðarskyldu 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Verður því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir